

9. gr.

127

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í skemmtanaskattslögunum og varða brot gegn henni, sem sæta meðferð almennra lögreglumála, sektum samkvæmt 7. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1937.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

128

23. des.

um flutning á pósti með almenningsbifreiðum.

1. gr.

Allir þeir, sem hafa sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum eða undanþágu frá sérleyfisskyldu, eru skyldir til að flytja póst milli allra póststöðva á sérleyfis- eða undanþáguleiðunum eftir fyrirmælum póststjórnarinnar (sbr. lög nr. 62, 28. janúar 1935).

2. gr.

Í hverri ferð skal tekinn allur sá póstur, sem á að fara, án tillits til þyngdar hans. Sérleyfishafa og undanþáguhafa ber að annast sókn og skil á pósthúsin.

3. gr.

Sérleyfishafi og undanþáguhafi ber ábyrgð á póstflutningnum á leiðinni og ber sömuleiðis ábyrgð á því, að bifreiðarstjóri taki ekki utan pósts neinar sendingar, sem taldar eru í 2. gr. póstlaganna a 1 og b, (en það er hvað eina, sem er með bréfalagi, bréfsþjöld, spjaldbréf og almenn bréf allt að 2000 gr. og peningabréf allt að 2000 gr.). Þegar bifreiðastjórar taka á móti þessum sendingum skulu þeir jafnan afhenda þær póstafréiðanda um leið og þeir skila póstflutningnum en aldrei setja þær í póstréfa-kassa á pósthúsunum. Brjóti sérleyfishafi eða undanþáguhafi þessi ákvæði, greiði hann í bætur 10 kr. fyrir hverja ólöglega sendingu, nema aðrar þyngri sektir eða missir sérleyfis eða undanþágu liggi við.

4. gr.

Geti sérleyfishafi eða undanþáguhafi af einhverjum ástæðum ekki notað bifreið til flutningsins, ber honum engu að síður skylda til að koma póstflutningnum á ákvörðunarstað á sem stytum tíma í samráði við póststjórnina. Ef slíkt hendir, skal póststjórnin ekki krefjast þess, að ákveðið magn póstflutnings sé flutt ókeypis í þeirri ferð.

5. gr.

Af póstmagni því, sem flutt er í hverri ferð, skal sérleyfishafi eða undanþáguhafi flytja ókeypis 50% (sbr. þó 4. gr.).

Fyrir afganginn greiðist fyrir hver 100 kg. sætisverð milli hlutaðeigandi póststöðva, hlutfallslega eftir þyngd flutningsins. Póstflutningurinn skal gerður upp mánadaglega. Í niðurstöðutölum skal $\frac{1}{2}$ kg. eða meira teljast heilt kg., en minna broti sleppt.

128

23. des.

6. gr.

Sérleyfishafi eða undanþáguhafi getur ekki skorast undan póstflutningi af sinni hálfu, meðan hann hefir sérleyfi eða undanþágu til fólksflutninga, en póststjórnin getur, hvenær sem hún vill, hætt að flytja póst með bifreiðum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. gr. laga nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Öðlast þar gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Póst- og símamálastjórnin, 23. desember 1937.

Guðmundur Hlíðdal.

E. Sandholt.

129

31. des.

REGLUGERÐ

um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum 31. desember 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Fyrst um sinn, þangað til er öðruvísi verður ákveðið, gilda ákvæði reglugerðar nr. 7, 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., ásamt breytingum og viðaukum á þeirri reglugerð 7. marz 1935, 7. maí 1935, 27. júlí 1936 og 11. október 1937.

2. gr.

Til þess að standast kostnað við gjaldeyris- og innflutningsnefnd skulu allir þeir, sem fá innflutningsleyfi, greiða gjald 2‰ — tvo af þúsundi — af fjárhæð þeirri, er leyfið hljóðar um, þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi. Gjald þetta greiðir leyfishafi til þess innheimtumanns ríkissjóðs þar er hann framvísar innflutningsleyfinu í fyrsta sinn, og greiðist þá gjaldið af öllu leyfinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1937.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.